

Ný menntastefna - kynningarfundir



Í kjölfar vel heppnaðs Menntaþings stendur menntamálaráðuneytið fyrir kynningarfundum um nýja menntastefnu um land allt í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og Heimili og skóla. Fyrstu fundurinn var haldinn þriðjudagskvöldið 23. september í Reykjanesbæ og kynnti þorgerður Katrín Gunnarsdóttir,

menntamálaráðherra, þar nýja menntastefnu og Arnór Guðmundsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneyti, fór nánar yfir nýja menntalöggjöf. Fundarstjóri var Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ. Í kjölfar erinda var boðið upp

á umræður og í pallborði sátu, auk ræðumanna, þeir Sölvi Sveinsson og Guðni Olgeirsson frá menntamálaráðuneyti. Fundinn sóttu skólastjórnendur, kennarar og foreldrar og höfðu áheyrendur augljóslega mikinn áhuga á að ræða nýja menntalöggjöf. Meðal annars var spurt um skólaráð, nýtt fyrirkomulag samræmdra prófa, rekstrarfyrirkomulag framhaldsskóla og aukði vægi náms- og starfsráðgjafar í nýjum lögum.

Kynningarfundirnir eru mikilvægur liður í innleiðingu nýrrar menntalöggjafar og eru umræðurnar sem þar skapast gott veganesti fyrir þá vinnu. Næstu fundir verða haldnir á Egilsstöðum þann 7. október og á Höfn í Hornafirði þann 8. október næstkomandi.

Nánari upplýsingar má nálgast á nyrmenntastefna.is

Evrópski tungumáladagurinn 26. september 2008

Að frumkvæði Evrópuráðsins hefur tungumáladagsins verið minnst frá árinu 2001 með ýmsu móti í Evrópulöndum, þar með talið á Íslandi. Markmið Evrópska tungumáladagsins eru einkum að vekja athygli á mikilvægi tungumálakunnáttu og fjölbreytts tungumálanáms til að auka fjölbreytni og skilning á ólíkri menningu þjóða, að stuðla að því að viðhalda fjölbreytileika tungumála og menningar í Evrópu og hvetja til símenntunar í tungumálanámi, bæði innan skólakerfisins og utan þess. Vakin er athygli á bæklingi með fjölmörgum hugmyndum að mögulegum verkefnum og aðgerðum á tungumáladeginum, sjá:

www.menntamalaraduneyti.is/raduneyti/althjodlegt-samstarf

Vakin er athygli á því að Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur heldur Evrópska tungumáladaginn hátiðlegan að vanda og er dagskráin að þessu sinni skipulögð í samvinnu við STÍL. Dagskráin hefst á tungumáladaginn 26. september kl. 14:30 og fer fram í stofu 101 á Háskólatorgi. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur einnig ákveðið að árið 2008 sé helgað tungumálum og falið UNESCO að sjá um framkvæmdina. Slagorð ársins er: **Tungumál skipta máli**. Frekari upplýsingar um verkefnið eru á slóðinni: <http://portal.unesco.org/en>.

Breytingar samræmdum prófum í grunnskólum

Í nýjum grunnskólalögum nr. 91/2008, sem tóku gildi sl. sumar, er kveðið á um breytingar á samræmdum prófum í grunnskólum. Ýmsar spurningar hafa vaknað vegna framkvæmdar nýrra laga og því vill menntamálaráðuneyti taka fram eftirfarandi:

- Í 39. gr. segir að nemendur í fyrri hluta 10. bekkjar skuli þreyta samræmd könnunarpróf í íslensku, ensku og stærðfræði.
- Þessi nýju próf teljast ekki vera lokapróf í grunnskóla líkt og þau samræmdu próf sem hingað til hafa tíðkast í 10. bekk. Megintilgangur samræmdra könnunarprófa er að veita skólum, nemendum og foreldrum upplýsingar um stöðu nemenda og skapa færi á að styðja við nám þeirra í viðkomandi greinum áður en grunnskólanámi lýkur. Samræmd könnunarpróf eiga ekki að liggja til grundvallar inntöku nemenda í framhaldsskóla eins og verið hefur undanfarin ár.
- Þar sem ný lög tóku ekki gildi fyrr en í sumar reyndist ekki gerlegt að skipuleggja samræmd könnunarpróf er haldna mætti nú í haust. Þess vegna mæla lögin fyrir um að könnunarpróf í íslensku, ensku og stærðfræði skuli haldin að vori 2009 fyrir þá nemendur sem nú eru á

síðasta ári í grunnskóla. Grunnskólanemendur sem áður hafa þreytt samræmd lokapróf skulu þreyta samræmd könnunarpróf í íslensku, ensku og stærðfræði.

- Frá og með skólaárinu 2009-2010 verða samræmd könnunarpróf haldin að hausti.
- Prófin verða sambærileg þeim sem tíðkast hafa í 4. og 7. bekk. Hvorki verða haldin sjúkrapróf né skipaðir trúnaðarmenn eins og tíðkaðist við framkvæmd samræmdra lokaprófa.
- Vakin er athygli á að samræmd könnunarpróf í 10. bekk eru einungis ætluð nemendum í viðkomandi árgangi.

Loks vill ráðuneytið benda á að skv. 26. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla um val í námi eiga grunnskólanemendur rétt á að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi samhliða námi í grunnskóla. Það er þó háð því að þeir hafi sýnt til þess fullnægjandi færni að mati skólastjóra viðkomandi grunnskóla, sem veitir nemendum heimild til slíks náms samkvæmt viðmiðum sem sett verða í aðalnámskrá grunnskóla. Afnám samræmdra lokaprófa á því ekki á nokkurn hátt að torvelda grunnskólanemendum að leggja stund á nám á framhaldsskólastigi.

Úttektir á sjálfsmatsaðferðum í grunn- og framhaldsskólum haustið 2008

Menntamálaráðuneytið hefur samið við fyrirtækin Attentus ehf. og BSI á Íslandi ehf. að gera úttektir á sjálfsmatsaðferðum 37 grunnskóla. Úttektirnar fara fram á tímabilinu september til nóvember 2008. Á sama tíma verða gerðar úttektir á sjálfsmatsaðferðum í 10 framhaldsskólum og hefur Unnar Hermannsson umsjón með þeim úttektum. Á árinu 2007 voru gerðar úttektir á sjálfsmatsaðferðum í 20 framhaldsskólum og 73 grunnskólum. Skýrslur um úttektir á sjálfsmatsaðferðum grunn- og framhaldsskóla er að finna á heimasíðu ráðuneytisins; menntamalaraduneyti.is

